

Nd. 330. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 30 17. maí 1957, um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. febr.)

1. gr.

Í stað orðanna „Til ársloka 1962“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1957 komi: Til ársloka 1965.

2. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1957 orðist þannig: Námskeiðin utan Reykjavíkur skulu að jafnaði haldin til skiptis á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum. Ráðherra er heimilt að ákveða, að námskeið skuli haldið á öðrum stað, ef sérstaklega stendur á og næg þátttaka fæst eða ef námskeið, sem halda átti annars staðar, fellur niður vegna ónógrar þátttöku. Þó skulu ekki haldin fleiri en tvö námskeið utan Reykjavíkur árlega.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.